

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum.

#### 1. gr.

8. gr. reglugerðar nr. 881/2010 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum orðast svo:

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Þó taka ákvæði 5. og 6. gr. reglugerðarinnar ekki gildi fyrr en 1. maí 2012. Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

#### 2. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1268/2011 um (6.) breytingu á reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum. Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. mars 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*